



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 30. janúar 2017

Ákvörðun nr. 4/2017

Samruni Múlakaffis ehf., Dalsáróss ehf. og Brúneggja ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 30. desember 2016 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Múlakaffis ehf. og Dalsáróss ehf. annars vegar og Brúneggja ehf. hins vegar með bréfi. Með bréfinu barst samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynning og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi hinn 3. janúar 2017. Með bréfi dags. 3. janúar 2017 var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur eftirlitsins. Frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu að líða hinn 4. janúar 2017.

Samrunaaðilar höfðu óskað eftir því að veitt yrði heimild til framkvæmdar samruna meðan hann væri til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu og var veitt heimild til slíkrar framkvæmdar með bréfi Samkeppniseftirlitsins hinn 3. janúar 2017.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti, s.s. frá keppinautum samrunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hafa Múlakaffi og Dalsárós keypt allt hlutafé í Brúneggjum og öðlast þannig yferráð yfir því félagi og rekstri þess.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Múlakaffi er fyrirtæki sem, samkvæmt samþykktum, stundar starfsemi í veitingarekstri, fasteignarekstri og fjármálastarfsemi. Fyrirtækið rekur veitingastað í Reykjavík, rekur



veislubjónustu, rekur mötuneyti innan sjö fyrirtækja og stofnana og fyrirtækið á auk þess eignarhluti í fjórum öðrum fyrirtækjum, Kvörninni ehf. (100% hlut), T veitingum ehf. (100% hlut), KH veitingum ehf. (75% hlut) og Gleðipinum ehf. (15,38% hlut). Eigandi alls hlutafjár í Múlakaffi er einn einstaklingur.

Kvörninn er fasteignafélag sem á fimm fasteignir en í fasteignum Kvarnarinnar rekur Múlakaffi veislubjónustu auk eins veitingastaðar. T veitingar reka veitingaþjónustu í Turninum í Kópavogi. KH veitingar reka veitingaþjónustu og tvo veitingastaði. Gleðipinnar reka Keiluhöllina í Egilshöll sem er keilusalur og veitingastaður. Dalsárós er fyrirtæki að fullu í eigu eins einstaklings en nær engin starfsemi hefur verið í félaginu undangengin ár.

Brúnegg er fyrirtæki sem rekur eggjabú að Brautarholti. Seljendur Brúneggja eru, til helminga, Geysir-Fjárfestingafélag ehf. og Bali ehf. Samkvæmt samþykktum fyrirtækisins er starfsemi þess fólgin í landbúnaði og annarri matvælaframleiðslu, rekstri fasteigna, fjárfestinga í fasteignum og verðbréfum sem og lánastarfsemi. Brúnegg hefur ekki yferráð yfir öðrum félögum samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá, hvorki á grundvelli eignarhalds, samninga eða af öðrum ástæðum.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji Múlakaffi og tengd félög starfa á markaði fyrir sölu veitingaþjónustu og rekstur veitingastaða og mötuneyta. Ætla megi að markaðshlutdeild fyrirtækjanna sé óveruleg vegna gríðarlegrar stærðar nefnds markaðar. Þá kemur fram að samrunaaðilar telja Brúnegg starfa á markaði fyrir framleiðslu á heildsölu á eggjum. Byggja samrunaaðilar það á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2014, *Samruni Líflands ehf. og Nesbúeggis ehf.*

Samkvæmt upplýsingum frá seljendum Brúneggja hefur framleiðsla fyrirtækisins verið seld annars vegar til dagvöruverslana og hins vegar til hótela, veitingastaða og iðnaðarfyrirtækja. Brúnegg selji jafnframt alifuglakjöt við slátrun varphæna, en sá hluti starfseminnar sé óverulegur. Samrunaaðilar benda á að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, *Verðbróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, hafi komið fram að markaðurinn fyrir sölu á eggjum til dagvöruverslana væri fákeppnismarkaður þar sem þrjú fyrirtæki væru stærst. Þar af hefðu Brúnegg um 15-20% markaðshlutdeild, en aðrir aðilar en þessi þrjú fyrirtæki deildu á milli sín um 5-10% markaðshlutdeild.

Af hálfu aðila sem starfa við framleiðslu eggja hefur komið fram það sjónarmið að tilefni kunni að vera til þess að greina markaðinn í undirmarkaði. Hefur fram komið að verðlagning á eggjum sé mismunandi eftir því hvaða framleiðsluaðferð sé um að ræða, þannig kemur fram að lífræn egg séu um helmingi dýrari en búregg og að verð lausagöngueggja sé þar á milli. Fyrir niðurstöðu þessa máls er þó ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til þess hvort mismunandi framleiðsluaðferðir séu sérstakir markaðir í samkeppnisréttarlegum skilningi. Að svo stöddu telur eftirlitið því nægjanlega nákvæmt að skilgreina markaðinn sem framleiðslu og heildsölu á eggjum.

Að áliti kaupenda starfa þeir og hið keypta fyrirtæki á óskyldum mörkuðum. Einu tengslin séu sú að egg séu vissulega notuð í veitingarekstri. Hlutfall eggja í árlegum hráefniskostnaði Múlakaffis og tengdra félaga sé hins vegar óverulegt. Samrunaaðilar



telja að markaðir málsins miðist við Ísland, enda fari starfsemi samrunaaðila einungis fram á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess í máli þessu að vera ósammála mati samrunaaðila á mörkuðum málsins.

2. Áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Aðaláhrifa samrunans mun gæta á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á eggjum á Íslandi, enda hið keypta fyrirtæki starfandi á þeim markaði. Líkt og áður hefur komið fram eru nokkrir keppnautar á þeim markaði en ljóst er að þrír aðilar eru þar stærstir, og hið keypta fyrirtæki með lægsta markaðshlutdeild af þeim þremur.

Í máli þessu er um að ræða fyrirtæki sem varð fyrir miklum ímyndarlegum skaða sem leiddi til þess að allar helstu dagvöruverslanir landsins lýstu því opinberlega yfir að þær væru hættar viðskiptum við fyrirtækið. Þá lýsti keppnautur fyrirtækisins því einnig yfir að hann væri hættur að kaupa af fyrirtækinu egg, sem hafði verið gert áður. Má af því leiða að rekstrargundvöllur Brúneggja, í núverandi mynd, sé brostinn.

Formlegt sölufarli Brúneggja hófst 12. desember 2016 en Arev verðbréfafyrirtæki annaðist söluna. Kynningarefni var sent til nokkurra aðila og bærust tilboð í fyrirtækið, m.a. frá kaupendum. Kaupsamningur milli seljenda og kaupenda var undirritaður hinn 28. desember 2016.

Samrunaaðilar telja ekki að samruninn muni hafa skaðleg áhrif á samkeppni, heldur þvert á móti. Þá telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki hafa nein, eða í það mesta takmörkuð, áhrif á aðra markaði, til að mynda markað fyrir sölu veitingaþjónustu og rekstur veitingastaða og mótuneyta.

III.

Niðurstaða

Líkt og greint hefur verið frá í ákvörðun þessari starfa samrunaaðilar á nokkrum mörkuðum sem eru óskyldir um flest. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á neinum markaði málsins. Þá mun hann ekki leiða til þess að samkeppni raskast að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.



**IV.
Ákvörðunarorð**

„Kaup Múlakaffis ehf. og Dalsáróss ehf. á Brúneggjum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson